

Útgerð og vinnsla í ólgusjó

Barist fyrir fullri vinnu, allt árið



Sigurdur Jónsson SU 150 á heimleið frá Haugasundi 1963



Loðna brædd um miðjan 8. áratuginn. Hvalbakur SU 300 við bryggju.

Nýr bátur til Breiðdalsvíkur

BREIÐDALSVÍK, 12. nóv. — Kl. tæplaga 9 í morgun sigldi hið nýja stálskip Hraðfrystihúsa Breiðdælinga h.l., Sigurdur Jónsson SU 150, hánum skryðdur að bryggju í heimahöfn, Breiðdalsvík, eftir 54 tíma siglingu frá Haugasundi. Frá Færeyjum

ferðu þeir 7-8 vindstilla og brústi og teiða skipverjar áskipið hið besta sjóskip. Báturinn er smíðaður í Aasveginum við Haugasund, byggður eftir átíngustu krónum norska Veritas og bóinn öllum fullkomnum fækkleifar- og siglingatekjum með kældríf lest og frystigömslu fyrir línu- stampa. Stærri bátinn er 108 tonn brúttó, bóinn 600 ha Lister-Blankstone dieselvél og 62 ha. 1600 lítrólífræði. Þóttur skipverja 1-3 manna kiefar, alla fyrir 12 menn. Aðhótt í heimsiglingu var 7 menn. Skipstjórn er Svavar Sigurdsson, Breiðdalsvík og 1. vélstjóri Garðar Þórgriinson, Breiðdalsvík. Þjóði fólks fagnaði skipi og skipstjórn, bæði horn og fullorönn ír, þrátt fyrir norð-áttan kúlda og snjókomu. Báturinn fer á næstu dögum á línuverðar. — B. E.

BREIÐDALSVÍK, 12. nóv. — Hér var nokkurskonar fagnaðarhátíð í þorpinu og hjórun um einn í stóru skipakommun. Er þetta fyrsti vísir að flota smíðað í Haugasundi í Norr- og. Skipið er 108 tonn að stærð og hefur 600 ha Listervél og er önduð nýttan siglingatekju vélvar annað kvöld og fer á um. Svavar Sigurdsson verður skipstjórn og sigldi hann skipið heim. Fyrsti vélstjórnir var Garðar Þórgriinson. Aðrir eru skipverjar frá Breiðdalsvík. Þjóðarinnar. — B. E.

Frétt í Morgunblaðinu og Þjóðviljanum 14. nóvember 1963 af nýju skipi Breiðdælinga, Sigurði Jónssyni SU 150.

Nokkur skip og bátar frá Breiðdalsvík

1979 Andey SU 150 (1)	1978 Hafnarey SU 210 (2)
1989 Andey SU 210 (2)	1983 Hafnarey SU 110 (3)
1971 Árni Magnússon SU 17	1973 Hvalbakur SU 300
1961 Bragi SU 210	1972 Kári SU 43
1978 Drífa SU 4	1982 Krossanes SU 4
1977 Emily NS 124	1985 Sandafell SU 210
1948 Goðaborg SU 40	1963 Sigurdur Jónsson SU 150
1967 Hafdis SU 24	1983 Þórnes SU 308
1958 Hafnarey SU 110 (1)	

Breiðdalsvík: Miklar hafnarbætur

ASK-REYKJAVÍK, — Við höfnin verð að búa til grjótarð í sumar, sagði Sigmar Pétursson oddviti á Breiðdalsvík, í samtali við Tímanum. — Síðan er ætluin að setja sténker við endana á hönum í haust. Þegar verkin verður svo endanlega lokið höfnin við 70 metra langt stálþil og 40 metra langt þil úr timbri. — Sigmar sagði, að um 40 mill-



Árni Magnússon SU 17 og Surtsey VE í kappsiglingu um löndunarsæti í Reykjavík. Forsíðumynd Visis 13. mars 1973 - Árni Magg sigraði.



Grjót sótt í Þórðarhvamni vegna hafnargerðar á 8. áratuginum.

„Áratugur landsbyggðarinnar“

Hrun síldveiða hafði hrikalegar afleiðingar fyrir land og þjóð og nú hófst landflótti frá Íslandi sem helst var líkt við Vesturheimsferðir fyrri tíma. Heimamönnum á Breiðdalsvík lukkaðist þó að halda sjó um hríð. Bolfskveiðar voru stórefldar með nýjum bátum, loðna brædd í síldarbræðslunni frá 1971, humarvinnsla hófst árið 1972 og fleira mætti telja.

Í hönd fór „áratugur landsbyggðarinnar“ er stjórnvöld reyndu með tiltækum ráðum að efla og styrkja landsbyggðina og naut byggðarlagið góðs af á ýmsan hátt. Meðal annars var hafist handa við frekari hafnargerð árið 1970, þá var byggður 90 m garður fram á klappir á Selnesi vestanverðu og 30 m út, að 4-6 m dýpi. Árið 1975 hófst síðan gerð hafskipabryggju og var því verki lokið á næstu árum. Þá var gerð bátabryggja árið 1989 er smábátautgerð fór vaxandi.

Af öllu þessu leiddi að yfirleitt var næga atvinnu að hafa á Breiðdalsvík – og einn þurfti að reida sig á vinnuframlag aðkomumanna. Íbúar Breiðdalsvíkur voru meðal þeirra sem lögðu hlutfallslega mest til þjóðarbúsins og á það var oftlega minnt á að hér var atvinnuleysisskráning óþekkt fyrirbrigði.



Úr vinnslu nýja frystihússins um 1980.



Austri 19. mai 1978 og Tíminn 12. mars 1971



Skuttogaraöld

Um 1970 voru margir að svipast um eftir hagstæðum skuttogarakaupum. Niðurstaðan varð sú að samið var við japanska skipasmíðastöð um smíði 10 skuttogara fyrir Íslendinga, af þeim fóru fjórir til Austurlands – þeirra á meðal Hvalbakur, stolt Stöðfirðinga og íbúa Breiðdalsvíkur. Stærstu útgerðir á hvorum stað áttu 30% hvor og hraðfrystihúsin 20% hvort og skyldi aflanum landað til skiptis á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði. Hvalbakur hélt í fyrstu veiðiferðina í maí 1973 og þar með var nýtt tímabil hafið í útgerðarsögu Breiðdalsvíkur.


Umskiptin í hráefnisframboði með tilkomu skuttogarans kölluðu á að stækkun hraðfrystihússins, sem verið hafði í deigluinni frá í byrjun áratugarins, yrði hraðað – það var þó ekki fyrr en árið 1978 sem nýja frystihúsið var tekið í gagn. Þá

Um miðbik áttunda áratugarins gekk rekstur sjávarútvegsfyrirtækja upp og ofan og mörg þeirra söfnuðu skuldum. Átti það einnig við á Breiðdalsvík. Margir töldu og að komið væri að leiðarlokom í útgerðarsamstarfi við Stöðfirðinga – í staðinn átti að kaupa eignarhlut Stöðfirðinga í Hvalbak, sameina fyrirtæki kaupþúnsins, selja báta sem fyrir voru og safna hlutafé meðal almennings í þorpinu. Þetta fór á annan veg því að endingu var Hvalbakur seldur til Fáskrúðsfjarðar.

Japanskur krosssteinn

Við Ásveg stendur mikill sexarma krosssteinn sem minnir á glæsta tíma þegar þorpsbúar tóku árið 1973 á móti spennýjum skuttogara frá Japan: Hvalbak. Áhöfnin og fulltrúar útgerðar héldu utan í mars og lagði skipið upp í sína löngu heimsiglingu um miðjan mánuð. Miklar vísjör voru með Ísraelum og Egyptum í aðdraganda Yom Kippur-stríðs og frekar en að sigla um Súez-skurð var Hvalbak því haldið í austur; skipið fór um Panama-skurð 5. apríl og kom loks til heimahafna á páskadag, 22. apríl – og var hjartanlega fagnað.

Slíkir krosssteinar vöktu athygli Svans Sigurdssonar, fulltrúa Breiðdælinga, á meðan beðið var ytra eftir afhendingu togarans. Steinarnir voru nýttir sem brimbrjótá – margir saman höggudust þeir ekki þótt þung úthafsaldan byldi á þeim. Kom Svani til hugar að þetta snjallræði gæti komið að gagni uppi á Íslandi – kannski ekki sist á Breiðdalsvík – og flutti Hvalbakur því með sér einn stein yfir hnöttinn. Aldrei kom þó til þess að þetta japanska hugvit væri nýtt í hafnargerð á Breiðdalsvík. En eftir stendur minnisvarði um stórhug og bjartsýni fyrri tíma.



Hvalbakur SU 300 nýlagstur við bryggju á Breiðdalsvík vorið 1973.